

AUGLÝSING

um breytingar á *Skoðunarhandbók*, sbr. auglýsingu nr. 437 30. júní 1998.

Ráðuneytið hefur staðfest breytingar á *Skoðunarhandbók* er greinir nánar frá hver skuli vera framkvæmd skoðunar skoðunarskyldra ökutækja, sbr. 2. mgr. 16. gr. reglugerðar um skoðun ökutækja nr. 378 29. júní 1998, sbr. auglýsingu um útgáfu *Skoðunarhandbókar*, nr. 437 30. júní 1998.

Breytingarnar gilda frá 1. janúar 2002.

Skráningarstofan hf. annast dreifingu breytingarblaða til faggiltra skoðunarstöðva og endurskoðunarverkstæða.

Þetta tilkynnist hér með.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. desember 2001.

F. h. r.

Björg Thorarensen.

Aagot Óskarsdóttir.

REGLUR

um (1.) breytingu á reglum nr. 401/2000 um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðra vegna læknishjálpar, lyfja og þjálfunar.

1. gr.

3. gr. orðast svo:

Viðmiðunarmörk vegna endurgreiðslu eru eftirfarandi:

Árstekjur fjölskyldu næsta almanaksár á undan	Grunnkostnaður 3 mánuðir	Þátttaka TR umfram grunnkostnað
undir: 1.543.999	0,7% af tekjum	90%
1.544.000–2.426.999	0,7% af tekjum	75%
2.427.000–3.529.999	0,7% af tekjum	60%
3.530.000 og yfir		0

Einstaklingar með sama fjölskyldunúmer skv. skilgreiningu Hagstofu Íslands skulu teljast til fjölskyldu.

Tekjur miðast við árstekjur árið á undan, en heimilt er að víkja frá því ef um verulega lækun tekna er að ræða svo sem vegna alvarlegra veikinda eða atvinnumissis. Fyrir hvert barn í fjölskyldu dragast kr. 220.000 frá árstekjum.

Grunnkostnaður miðast við 3 mánuði í senn. Einstaklingur/fjölskylda greiðir grunnkostnað sem miðast við 0,7% af tekjum en fær endurgreitt hlutfall af útgjöldum umfram grunnkostnaðinn. Endurgreiðsluhlutfallið lækkar með hækkandi tekjum. Þegar árstekjur hafa

Endurprentað blað.

náð kr. 3.530.000 er ekki lengur um endurgreiðslu að ræða samkvæmt þessum reglum, sbr. þó 3. mgr. ef um börn er að ræða.

Ekki verður greidd út lægri upphæð en kr. 500.

2. gr.

Reglur þessar sem settar eru með heimild í 12. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2002.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 19. desember 2001.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Mosfellsbæjar.

I. KAFLI

Rekstrarform.

1. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar er eign Mosfellsbæjar, undir yfirstjórn bæjarstjórnar.

2. gr.

Tilgangur hitaveitunnar er að afla, selja og veita heitu vatni um veitusvæði sitt og reka aðra þá starfsemi sem því tengist.

3. gr.

Veitusvæði hitaveitunnar er lögsagnarumdæmi Mosfellsbæjar. Hitaveitan hefur einkarétt til dreifingar og sölu á heitu vatni á veitusvæði sínu.

4. gr.

Yfirstjórn hitaveitunnar er í höndum bæjarstjórnar en rekstrarstjórn hennar skal falin tækninefnd.

5. gr.

Tækninefnd er skipuð fimm mönnum og fimm til vara sem kosnir eru af bæjarstjórn. Kjörtímabil hennar skal vera hið sama og bæjarstjórnar. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar.

6. gr.

Tækninefnd er ákvörðunarbær þegar meirihluti hennar sækir fund. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum.